

Mánudaginn 6. maí 2019

Nr. 2019-141

**Ákærvaldið**

(Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari)

**gegn**

**X**

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður)

Áfrýjunarleyfi. Heimilisofbeldi. Líkamsárás. Barnavernd. Einkaréttarkrafa. Sakarkostnaður. Réttargæslumaður. Lagaskil. Hafnað.

**Ákvörðun Hæstaréttar.**

Samkvæmt 4. mgr. 16. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla standa að ákvörðun þessari hæstaréttardómararnir Þorgeir Örlygsson, Markús Sigurbjörnsson og Viðar Már Matthíasson.

Með beiðni 9. apríl 2019 leitar X eftir leyfi Hæstaréttar til að áfrýja dómi Landsréttar 22. mars sama ár í málinu nr. 41/2018: Ákærvaldið gegn X, á grundvelli 1. mgr., sbr. 4. mgr., 215. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærvaldið telur að verða eigi við beiðninni.

Með dómi Landsréttar var staðfestur héraðsdómur um sakfellingu leyfisbeiðanda fyrir að hafa brotið gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 98. gr. og 1. mgr. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með því að hafa á árunum 2012 til 2016 á heimili sínu endurtekið beitt þrjú börn sín ofbeldi, ógnað þeim og sýnt þeim vanvirðandi háttsemi og yfirgang eins og nánar var lýst í ákæru. Þessi háttsemi leyfisbeiðanda var þó talin varða við 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga í stað 217. gr. þeirra vegna brota á tímabilinu eftir gildistöku fyrrnefnda ákvæðisins 30. mars 2016. Þá var leyfisbeiðandi sakfelld fyrir tiltekin umferðar- og fíkniefnalagabrot. Refsing hennar var ákveðin fangelsi í tvö ár. Með dómi Landsréttar var einkaréttarkröfum brotþola vísað frá héraðsdómi þar sem ekki var talið liggja fyrir í málinu að réttur fyrirsvarsmaður þeirra hafi tekið ákvörðun um að gera þær. Leyfisbeiðanda var allt að einu gert að greiða allan sakarkostnað að meðtalinni þóknun réttargæslumanna brotþola í héraði og fyrir Landsrétti.

Leyfisbeiðandi telur að skilyrði 4. mgr. 215. gr. laga nr. 88/2008 fyrir veitingu áfrýjunarleyfis séu uppfyllt. Byggir hún einkum á að dómur Landsréttar sé bersýnilega rangur vegna þess að sök hennar hafi ekki verið sönnuð og sé refsing jafnframt í ósamræmi við dómaframkvæmd. Þá vísar leyfisbeiðandi einnig til þess að henni hafi verið gert að greiða þóknun

réttargæslumanna brotaþola í héraði og Landsrétti þrátt fyrir að bótakröfum brotaþola hafi verið vísað frá héraðsdómi. Telur leyfisbeiðandi það hafa verulega almenna þýðingu að fá úrlausn Hæstaréttar um síðastnefnt atriði.

Af hálfu ákærvaldsins lýsir ríkissaksóknari sig sammála leyfisbeiðanda um að Landsréttur hafi ranglega dæmt hana til að greiða þóknun réttargæslumanna brotaþola þar fyrir dómi og í héraði. Ríkissaksóknari telur jafnframt að á grundvelli 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga hefði átt að heimfæra brot leyfisbeiðanda á öllu áðurnefndu tímabili til 1. mgr. 218. gr. b. sömu laga, en ekki aðeins þau brot sem framin hafi verið eftir 30. mars 2016 svo sem gert hafi verið í dómi Landsréttar með vísan til 1. mgr. 1. gr. laganna. Af þessum sökum telji ríkissaksóknari að taka eigi beiðni um áfrýjunarleyfi til greina.

Að virtum gögnum málsins verður ekki séð að úrslit þess geti ráðist af atriðum sem hafi verulega almenna þýðingu eða að mjög mikilvægt sé af öðrum ástæðum að fá úrlausn Hæstaréttar um þau þannig að fullnægt sé skilyrðum 2. málslíðar 4. mgr. 215. gr. laga nr. 88/2008. Þá verður að gæta að því að niðurstaða í dómi Landsréttar um sönnun sakar leyfisbeiðanda er reist á mati á sönnunargildi munnlegs framburðar sem ekki getur komið til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, sbr. 5. mgr. sömu lagagreinar. Eins og að framan greinir var leyfisbeiðandi dæmd til að greiða sakarkostnað að meðtalinni þóknun réttargæslumanna brotaþola í héraði og fyrir Landsrétti þrátt fyrir að bótakröfum þeirra hafi verið vísað frá héraðsdómi. Þótt dómur Landsréttar sé að þessu leyti bersýnilega rangur verður að taka tillit til þess að ríkissaksóknara er í lófa lagið að mæla fyrir um að látið verði ógert að innheimta þennan hluta sakarkostnaðar samkvæmt dóminum og ráða þannig bót á þessum annmarka án þess að til áfrýjunar þurfi að koma. Þótt einnig megi fallast á með ríkissaksóknara að heimfærsla á brotum leyfisbeiðanda til refsíákvæða hafi í dómi Landsréttar að framangreindu leyti verið röng hefur sá annmarki á dóminum bersýnilega engin áhrif haft á ákvörðun viðurlaga. Eru því ekki alveg næg efni til að beita heimild 3. málslíðar 4. mgr. 215. gr. laga nr. 88/2008 í málinu. Með vísan til þessa alls er beiðni um áfrýjunarleyfi hafnað.